

ALBERT EINSTEIN OG FRAMTÍÐ VÍSINDANNA

I

Gyðingurinn Albert Einstein mun nú vera frægastur vísindamaður, og Alex. Moszkowski, sem sjálf sagt er Gyðingur líka, hefir skrifað um hann heila bók (Einstein, Einblicke in seine Gedankenwelt, 1921). M. segir frá viðræðum sínum við Einstein, og eitthvert skipti talar hann af mikilli hrifningu um þá möguleika til gerþóta á högum mannkynsins, sem felist í orku atomsins eða smæstu og óskiptanlegri frumögn efnisins, sem menn hugðu áður vera. — Moszkowski minnist á, að ef unnt væri að sundra atominu og nota þá orku, sem í því felst, þá dygði stærsta skipi eitt kíló af kolum til þess að fara með fullri ferð frá Hamborg til New York. En Einstein lét sér fátt um finnast. Sagði hann, að það væri ekkert, sem benti til þess, að vísindunum mundi takast að sundra atominu. Nú virðist mér fróðlegt að veita því eftirtekt, að rétt á eftir tekst eðlisfræðingnum Rutherford einmitt að sundra atominu. Sir Ernest Rutherford er frá Nýja Sjálundi, og hefir verið lærisveinn á þeim háskóla, sem Macmillan Brown er kennari við, eða hefir verið; en þessir tveir menn eru í tölu allramestu gáfumanna hins ensku-mælandi heims, og má af slíku marka, hvílík framfaraeyja Nýja Sjáland er. — Eins og ef til vill einhverjir muna, hefi ég við og við, á ýmsum málum, verið að vekja eftirtekt á hinni stórkostlegu bók Browns, Limanora (eða Framfaraeyjan), en á þeirri bók hefir hann kallað sig Godfrey Sweven.

II

Annað fróðlegt úr viðræðum þeirra Einsteins og Moszkowskis er þetta, sem nú segir: Amerískur miðill,

Henry Slade, hafði boðið sumum helstu vísindamönnum á Þýskalandi, Dubois-Reymond, Helmholtz og Virchow, að rannsaka sig, en þeir vildu ekki einusinni veita honum viðtal. Loks varð Friedrich Zöllner, ágætur eðlisfræðingur, til að rannsaka fyrirburði þá, sem gerðust, þegar Slade var viðstaddir. Einn fyrirburðurinn var á þessa leið: Hveitimjöl hafði verið látið í skál, og nú kom allt í einu fram í hveitinu spor eftir nakinn mannsfót; Slade var þar nálægt, en alklæddur, og var hans vandlega gætt; 4 sentimetra lengdar munur var á spori þessu og fætinum á Slade. Enginn gat skýrt, hvernig sporið hefði komið í hveitið, og prettir virtust með öllu útilokaðir. Samt var ekki annað að sjá, en Einstein telji Zöllner vítaverðan fyrir að hafa gefið sig við að rannsaka slíka fyrirburði. Hinn mikla eðlisfræðing virðist ekki gruna, að þarna er einmitt verkefni fyrir vísindamenn, og það svo áríðandi, að ef ekki tækist að skýra slíka fyrirburði, þá mundi öll vísindaleg viðleitni stranda og verða fallin niður eftir nokkra ættlíði, en einhver dulrænutegund komin í staðinn, líkt og varð endur fyrir löngu, þegar grísk vísindi félru niður. Professorana í Aþenuborg og Alexandriú á 5. og 6. öld e. Kr., grunaði ekki, að eftir nokkra áratugi, mundu háskólar þeirra verða lagðir niður, bókasöfnunum sundrað, og verkfærin, sem þeir höfðu fundið upp af svo miklu hugviti, eyðilögð og gleymd. En nú mundi þó fara ennþá verr, ef illa færi, og ekki næði ljós vísindanna að skína yfir hið myrka svæði leynifræðanna.

Ágúst '23.